

Athugasemdir umsagnaraðila um ákvæði frumvarps til innheimtulaga

I. KAFLI
Gildissvið o.fl.
1. gr.
Gildissvið.

Alþingi
Erindi nr. P 135/1965
komudagur 31.3.2008

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki eigin innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu skv. 15. gr.

Samtök fjármálafyrirtækja.

Ljóst þarf að vera hvenær innheimta á grundvelli réttarfarslaga hefst.

Þá væri skýrara að koma inná það, t.d. í nefndarálit, að í framkvæmd er þetta þannig, a.m.k. hjá bönkum, að þetta er þrískipt innheimta, þ.e. fruminnheimta, milliinnheimta og lögfræðinnheimta. Fruminnheimta samsvarar þá 7. gr. frumvarpsins, þ.e. send er innheimtuviðvörðun þar sem varað er við frekari innheimtuaðgerðum ef ekki greitt. Kostnaður vegna þessa er ekki mikill, almennt undir 1000 kr. fyrir ítrekunarbréf (Dæmi: Kaupþing 595 kr., Glitnir 600 kr., Landsbanki 750 kr.). Slík ítrekun er fyrst send eftir 7 daga vanskil og síðan aftur eftir 30 daga vanskil. Skuldarannum er þannig gefið færi á að koma sínum málum á hreint án mikils viðbótarkostnaðar. Milliinnheimta getur í heildina falið í sér 2 simtöl og 2 bréf með skuldaítrekun. Hún hefst ekki fyrr en liðinn er meira en mánuður frá því að fruminnheimtubréf var sent út, enda hafi ekkert verið í gert í málinu af hálfu skuldara. Kostnaður vegna fyrsta ítrekunarbréfs í milliinnheimtu hjá bönkum liggur á bilinu 3000-4000 kr. Ef ekki er greitt eftir ítrekun í síma er sent annað bréf þar sem leggjast á bilinu 5.500-6000 kr. til viðbótar á skuldara. Almennt líða um þrjár vikur á milli fyrsta og annars ítrekunarbréfs í milliinnheimtu. Það er síðan ekki fyrr en í kringum 3 mánaða vanskil sem lögfræðinnheimta, með stórauðnum kostnaði, hefst ef skuldari hefur ekki greitt eða samið um greiðslu áður. Það hefur sýnt sig að skuldarar þurfa mismiklar ábendingar til að greiða. Flestir þeirra sem í vanskium lenda greiða áður en til lögfræðinnheimtu kemur en sumir greiða ekki fyrr en gripið hefur verið til hörðustu aðgerða (lögfræðinnheimtu). Lögfræðinnheimta er þannig allt annars eðlis en frum- og milliinnheimta

Fjármálaeftirlitið.

Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að lögin gildi um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu, skv. 15. gr. frumvarpsins. Í greininni er hins vegar ekkert sagt til um leyfisskilyrði þegar um innheimtu vegna „eigin starfsemi“ er að ræða. Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að innheimtuaðili sé einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun tengda 1. gr. frumvarpsins í umfjöllun um leyfisskylda starfsemi.

Lögmannafélag Íslands.

Gildissvið frumvarpsins er afmarkað í 1. gr. þess. Samkvæmt greininni tekur frum-varpið ekki til innheimtuaðgerða sem byggjast á réttarfarslögum, s.s. útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni eða kostnaðar við meðferð mála fyrir dómstólum. Hér er um að ræða flestar þær aðgerðir sem hingað til hafa fallið undir svonefnda löginheimtu, sem framkvæmd hefur verið af lögmönnum. Laganefnd vísar til þess sem að framan segir um þessi atriði, þ.e. í almennum athugasemdum nefndarinnar, en þar er meðal annars vikið að skilum frum- og milliinnheimtu annars vegar og löginheimtu hins vegar. Laganefnd telur raunar að þessi skil séu alls ekki nægilega skýr samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Laganefnd telur þörf á að skilgreina nánar innheimtuferil máls og þá sérstaklega hugtökin fruminnheimtu, milliinnheimtu og löginheimtu, sem hafa verið að festa sig í sessi að undanfögnu. Með þeim hætti mætti afmarka gildissvið laganna betur en nú er gert, t.d. með því að taka skýrlega fram að lögin gildi um frum- og milliinnheimtu, en löginheimta falli utan við gildissvið laganna. Hagsmunir skuldara og kröfuhafa krefjast þess að greiðslufrestir á frum- og milliinnheimtustigi séu hæfilegir, þar sem innheimtukostnaður er alla jafna mun lægri en við löginheimtu. Að mati laganefndar er mikilvægt að þessara hagsmuna sé gætt við samningu innheimtulaga, þannig að skuldari hafi hvatningu og ráðrúm til að greiða kröfu í frum- eða milliinnheimtu, gegn greiðslu hóflegs innheimtukostnaðar, í stað þess að greiða kröfu í löginheimtu gegn greiðslu aukins innheimtukostnaðar. Laganefnd telur að þessa hafi ekki verið nægilega gætt við samningu frumvarpsins og að efni og uppbygging frumvarpsins kunni þvert á móti að leiða til hins gagnstæða. Í dag gildir sú venja að lögmenn, sem fá kröfu til innheimtu, hefja innheimtuaðgerðir sínar (löginheimtu) með því að senda skuldara innheimtubríf, þar sem skuldarannum gefst kostur á að greiða kröfuna, auk hóflegs innheimtukostnaðar. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum þá verður óþarft fyrir lögmenn að senda slík innheimtubríf, hafi innheimtuaðvörðun samkvæmt 7. gr. frumvarpsins verið send á fyrri stigum innheimtuferilsins. Í stað þess geta lögmenn hafið annars konar aðgerðir jafnskjótt og mál berst þeim, án frekari viðvörðunar til skuldara. Slíkt getur haft í för með sér hraðari feril og kostnaðarsamari aðgerðir fyrir skuldara, samanborið við það sem nú tíðkast. Slíkt er ekki skuldara í hag.

TCM innheimta.

Gildissvið frumvarpsins er ekki nægjanlega skýrt. Þannig segir í frumvarpinu að lögin gildi ekki um „eigin innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga“.

Þetta er of óskýrt því hugsanlega getur innheimtufyrirtæki staðið fyrir innheimtu á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þegar um er að ræða viðskiptabréf með beinni aðfarar og/eða nauðungarsölu heimild. Slík innheimta er ekki rekin fyrir dómstólum og þarf ekki atbeina lögmanns að slíkri innheimtu.

Þá vantar að skilgreina hugtakið innheimta skv. lögnum. Í Skandinavíu er til orðið inkasso og á ensku er oft talað um amicable collection. Á Íslandi hafa hugtökin fruminnheimta og milliinnheimta fest sig í sessi á síðustu árum til hliðar við löginheimtu og lögfræðinnheimtu. Eðlilegt er að nota þessi hugtök í frumvarpinu og nauðsynlegt er að skilgreina þau í lögnum. Í norsku innheimtulögnum (sem sögð er fyrirmynd íslensku laganna) er að finna skilgreiningu á hugtakinu „inkasso“.

Þá má loks spyrja hvers vegna eigi að undanþiggja opinbera innheimtuaðila undan reglu 6. gr. frumvarpsins og góða innheimtuhætti.

Momentum.

Sérstaklega er tekið fram að lögin eigi ekki að gilda um innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga. Þessi meginregla er mikilvæg og gefur þá sterku vísbendingu að lögin eigi ekki að gilda um innheimtustarfsemi lögmanna en síðari greinar og athugasemdir með þeim gefa ekki jafnskýrar vísbendingar um það og virðist sem lögin skarist að einhverju leyti við starfsemi lögmanna með innheimtur.

Sérstaklega er kveðið á um það í athugasemdum með 1. gr. að lögin eigi að taka til innheimtustarfsemi lögmanna þegar lögmaður sendir innheimtubríf án þess að innheimtuviðvörðun hafi verið send, þ.e. að innheimtubríf lögmannsins skuli þá skoðast sem innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. Þetta er í raun sjálfsgagt en ef litið er til annarra orða athugasemdanna þá má greina að verið sé að ætlast til að innheimtubrifi lögmanns, sem tíðkanlegt er að senda með hóflegum kostnaði, verði sleppt og í raun verið að hvetja til þess að farið sé beint í réttarfarsaðgerðir. Þetta samræmist ekki tilgangi laganna heldur mun frekar auka byrði skuldaranna og hraða innheimtuferlum sem jafnframt myndi auka til muna álag á dómstólum og réttarkerfinu almennt.

Í samræmi við það jákvæða meginmarkmið frumvarpsins, sem kemur fram í almennum athugasemdum þess, að verið sé að draga úr kostnaði á frumstigi innheimtu og tryggja rétt skuldara að greiða kröfur með lágmarkskostnaði í upphafi, þá samræmis framangreint ekki því markmiði. Eðlilegt er, ef kröfuhafi hefur ekki sinnt skyldu skv. 7. gr., þá falli innheimtubréf lögmanns undir gjaldskrána, en undirritaður telur að taka verði sérstaklega fram að ef því skilyrði hafi verið uppfyllt þá gildi lögin ekki innheimtuaðgerðir lögmanns, hvort sem um er að ræða réttarfarsaðgerðir eða aðrar aðgerðir s.s. innheimtubréf lögmanns, sem er til þess fallið að freista þess að fá fram lúkningu á málið áður en til harðari og kostnaðarsamari aðgerða er gripið.

Einnig eru sérstök efnistöð í umfjöllun um 1. gr. athugasemduum þar sem fjallað er um dæmigerðan kostnað vegna réttarfarsaðgerða sem falla utan laganna. Þar er tekið dæmi um útgáfu stefnu, birtingu greiðsluáskorunar án tilvísunar til almenns innheimtu/málskostnaðar af málum sem hefur verið tíðkanlegur skv. gjaldskrá hvers og eins lögmanns, sem taka þarf af allan vafa um að gildi áfram.

2. gr.

Frávíkjanleg ákvæði.

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og skuldara í atvinnurekstri að víkja frá ákvæðum 7. gr. Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Neytendasamtökin.

Óeðlilegt er að 7. gr. frumvarpsins sé frávíkjanleg með samningi eins og kveðið er á um í þessum málslið. Markmið innheimtuviðvörðunar er að skuldarar almennt eigi kost á því að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði, og telja samtökin óeðlilegt ef kröfuhafi getur samið sig undan þeirri skyldu á þeim grundvelli að stofnað hafi verið til skuldar í atvinnurekstri. Er það álit samtakanna að þessi tilhögun væri ósanngjörn gagnvart t.a.m. einyrkjum og fólki sem stundar atvinnurekstur í smáum stíl, enda algengast að slíkir aðilar séu persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum sem skapast vegna atvinnurekstrar.

II. KAFLI

Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

Fjármálaeftirlitið.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu. Þessi kafla laganna mætti vera skýrari.

Fjármálaeftirlitið setur fram þá tillögu að II. kafla muni bera heitið starfsleyfi. Þeim kafla verði síðan skipt niður í eftirfarandi lagagreinar: starfsleyfisveitandi, leyfisskyld starfsemi, umsókn, veiting starfsleyfis, synjun starfsleyfis og afturköllun starfsleyfis... [sjá nánar um tillögu FME á bls. XXX og áfram]

3. gr.

Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

- a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;*
- b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og*
- c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.*

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar iánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

Lögmannafélag Íslands.

[um 3.-4.gr.]

Laganefnd fagnar því að innheimtustarfsemi verði gerð leyfisskyld, enda tryggir það jafnræði meðal þeirra sem þess konar starfsemi stunda. Að mati nefndarinnar er brýnt að gera strangar hæfiskröfur tii innheimtuaðila. Laganefndin er einnig sammála þeirri nálgun frumvarpshöfunda að undanþiggja tiltekna aðila innheimtuleyfi á grundvelli frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. þess, enda gilda önnur lög til starfsemi þeirra aðila sem þar eru nefndir.

Laganefnd bendir hins vegar á að ákvæði 3.-4. gr. eru ekki nægilega skýr. Þannig er t.a.m. ekki tekið á þeirri aðstöðu er lögmenn reka saman innheimtufyrirtæki í formi félags, t.d. einkahlutafélags, eftir atvikum með aðkomu annarra sem ekki hafa lög-mannsréttindi, s.s. framkvæmdastjóra o.s.frv. Æskilegt væri að eyða allri óvissu í þessu efni með skýrum lagaákvæðum, t.a.m. með því að áskilja tiltekna hiutfallseign lögmanna til þess að félag í þeirra eigu geti verið undanþegið ákvæðum laganna um leyfisskyldu o.s.frv.

Laganefnd bendir á að orðalag í c-lið 1. mgr. 4. gr. er ekki nægilega skýrt, en þar er meðal annars áskilið að innheimtuaðili búi yfir „nægilegri þekkingu eða starfs-reynslu“ til að geta gegnt starfi sínu á „tilhlýðilegan hátt“. Orðalagið er afstætt og opið og þar með til þess fallið að valda deilum, þar sem ekki er unnt að beita hlut-lægum mælikvarða við mat á einstökum þáttum þess.

4. gr.

Veiting innheimtuleyfis.

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

- a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta;*
- b. hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;*
- c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt;*
- d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;*
- e. er ekki í vanskilum með vörsluskatta.*

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI

Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti.

Það telst brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum.

ASÍ.

Ekki er ljóst við hvað átt er þegar sagt er að beitt sé „tjóni“ við innheimtunar. Tjón er afleiðing einhvers sem beitt er en ekki athöfin sjálf sem tjóninu veldur. Það saman á að nokkru við notkun hugtaksins „óþægindi“.

Neytendasamtökin.

Neytendasamtökin fagna því að í frumvarpinu sé að finna upptalningu á því hvað teljist brjóta í bága við góða innheimtuhætti. Hins vegar gera samtökin athugasemd við það að þessi upptalning sé sett fram líkt og um tæmandi upptalningu sé að ræða, enda hljóta þau atriði sem nefnd eru í 2. mgr. að vera sett fram í dæmaskyni. Eðli máls samkvæmt hlýtur margt annað að geta brotið í bága við góða innheimtuhætti, jafnvel þó þau hugtök sem talin eru upp í greininni séu afar víðtæk og þurfi túlkunar við. Telja samtökin því æskilegt að á undan tilvikum þeim sem talin eru upp í 2. mgr. sé tekið fram að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða, en það mætti gera með því að bæta „til dæmis“ eða „meðal annars“ inn í texta 2. mgr. Það væri enda í betra samræmi við orðalag í greinargerð, þar sem gefið er til kynna að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða enda eigi dómstólar endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir viðskiptahættir.

Þá vilja samtökin benda á að í dönsku lögnum, Lov om inkassovirksomhed, er að finna sömu upptalningu en jafnframt er þar að finna frekari ákvæði er vernda skuldara og einkalíf hans. Má þar helst nefna að í 12. gr. laganna eru settar skorður við því að innheimtuaðili megi snúa sér persónulega til skuldara. Þar er m.a. kveðið á um að innheimtuaðila beri að senda skuldara skriflega viðvörðun eftir að frestur samkvæmt innheimtuviðvörðun er liðinn hyggist hann snúa sér að honum persónulega enda hafi ekki verið samið um slíkt fyrirfram. Þá er kveðið á um það á hvaða dögum og tíma innheimtuaðili megi snúa sér að skuldara. Enn fremur er lögð sú skylda á innheimtuaðila að hann sýni fram á heimildir sínar gagnvart skuldara með því að framvísa skilríkjum þar að lútandi. Ef frá er talin 6. gr. um góða innheimtuhætti er ekki að finna neina reglu í frumvarpinu er tekur á friðhelgi heimilis og einkalífs skuldara. Telja Neytendasamtökin æskilegt að nánar verði kveðið á um þetta í lögnum, þ.e. hvort og þá með hvaða hætti innheimtuaðili megi snúa sér persónulega að skuldara.

Fjármálaeftirlitið.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins kemur fram að það teljist brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum. Á það er bent að óljóst er hvað átt sé við með „óhæfilegum þrýstingi“ eða „óþægindum“. Þannig má almennt athuga innheimtuaðgerðir geti ekki valdið öðru en óþægindum.

Í skýringum með 6. gr. frumvarpsins er vikið að hagsmunaárekstrum á milli kröfuhafa og innheimtuaðila. Nefnt er sem dæmi að innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem farið gætu í bága við hagsmuni kröfuhafans. Lagatextinn ber þó framangreint ekki með sér.

Samband innheimtuaðila og kröfuhafa

Í þeim lagaákvæðum sem kveða á um samband innheimtuaðila og kröfuhafa kann að vera ástæða til að taka fram að innheimtuaðili skuli ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmuni kröfuhafans. Það gæti verið rétt að kveða á um það í slíkri lagagrein að innheimtuaðila verði gert skylt að upplýsa kröfuhafa um ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem farið gætu í bága við hagsmuni kröfuhafa. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um samband innheimtuaðila og kröfuhafa í athugasemdum við III. kafla laganna.

Lögmannafélag Íslands.

Laganefnd telur það til bóta að skilgreina hugtakið góða innheimtuhætti. Ef vel tekst til við skilgreiningu á góðum innheimtuháttum er það til þess fallið að tryggja ákveðin lágmarksgæði innheimtuþjónustu hjá öllum innheimtuaðilum. Það er hins vegar álit laganefndar, byggt á reynslu nefndarmanna, að gæði þeirrar þjónustu sem a.m.k. flestir innheimtuaðilar veita í dag séu langt umfram þær kröfur sem gerðar eru í þessari grein frumvarpsins, eins og hún er skýrð í athugasemdum.

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. telst það brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, tjóni eða óþægindum. Þetta orðalag ákvæðisins er að mati laganefndar of opið til þess að það geti náð markmiði sínu. Úr þeim annmarka er þó að nokkru leyti bætt í athugasemdum með 6. gr., en þar er meðal annars nefnt að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar. Jafnframt segir að ekki megi beita skuldara hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara eða að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara, í frekari mæli en heimilt er samkvæmt lögum.

Laganefnd er sammála frumvarpshöfum um að þau atriði sem að framan voru talin teljist brot gegn góðum innheimtuháttum. Nefndin bendir hins vegar á að rétt hefði verið að geta þess að þessi atriði væru einungis nefnd í dæmaskyni, en að ekki væri um tæmandi talningu að ræða. Laganefnd bendir jafnframt á að mat á því hvort um hótanir sé að ræða eða ekki kunni að vera huglægt og afstætt. Þannig hljóti það eðli máls samkvæmt að falla undir hugtakið góða innheimtuhætti að gera skuldara grein fyrir því hvaða afleiðingar það hafi fyrir hann ef krafa er ekki greidd í frum- eða milliinnheimtu, þ.e. að slíkt geti leitt til frekari innheimtuaðgerða og aukins kostnaðar fyrir hann. Sumir skuldarar kynnu hins vegar að skilja slíkar leiðbeiningar sem hótanir í þeirra garð, þ.e. sem hótun um frekari aðgerðir ef ekki verður orðið við áskorun um greiðslu kröfu.

7. gr.

Innheimtuviðvörðun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan tíu daga frá sendingu viðvörðunar. Veita má lengri frest til greiðslu.

Í viðvörðun komi fram:

- a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;*
- b. lýsing á kröfu;*
- c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;*
- d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;*
- e. greiðslustaður; og*
- f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.*

Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi og falla ekki undir 2. mgr. 3. gr. geta sent innheimtuviðvörðun skv. 1.–2. mgr. fyrir gjalddaga enda komi eigi til greiðslu innheimtuþóknunar vegna viðvörðunarinnar skv. c-lið sé krafa greidd í síðasta lagi tíu dögum eftir gjalddaga.

Krafa telst greidd ef greiðsla hefur borist áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst fyrir lok frestsins.

Ef hættu er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt eða aðrir mikilvægir hagsmunir eru í húfi má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörðunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

ASÍ

Skv. lokamálsgrein 7 gr. eru kröfuhafi og innheimtuaðili lausir undan öllum skyldum um innheimtuviðvaranir hafi skuldari mótmælt kröfunni. Engin efnisleg rök hníga til þessara takmörkunar. Flestar kröfur sem settar eru til forinnheimtu byggja á rafrænum gögnum og öðrum gögnum kröfuhafa. Tilraunir skuldara til þess leita leiðréttingar á forstigum máls, m.a. með mótmælum eiga ekki samhliða að svipta hann rétti til þeirrar verndar sem innheimtulögnum þó er ætlað að veita honum.

Lögmannafélag Íslands.

Eitt af meginatriðum frumvarpsins er ákvæði 7. gr. um skyldubundna innheimtviðvörðun eftir gjalddaga kröfu. Þar er verið að setja að skilyrði fyrir frekari innheimtuaðgerðum að slík viðvörðun hafi verið gefin út og að kostnaður við þessa viðvörðun gagnvart skuldaranum geti aðeins verið að tilteknu hámarki sem á að fastsetja samkvæmt gjaldskrá ráðherra samkvæmt 11-12 gr. frumvarpsins.

Þegar lesin er athugasemd með grein þessari þá fyrst skýrist hún því með greininni er verið að leggja þá skyldu á kröfueiganda/innheimtuaðila að hann gefi skuldara kost á greiðslu kröfunnar með lágmarkskostnaði í 10 daga eftir gjalddaga. Þetta er jákvætt að mati laganeftndar. Síðan segir orðrétt í athugasemdunum um greinina: „....., Þótt skylt sé að senda eina viðvörðun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviðvörðun.“

Laganeftnd telur nauðsynlegt að það komi skýrar fram í lögnum sjálfum að gjaldskráin og hámark kostnaðar vegna innheimtviðvörðunar eigi aðeins við um skylduviðvörðun, en aðrar aðvaranir og innheimtubríf falli utan hámarksins. Það geti samkvæmt því leitt til frekari kostnaðar fyrir skuldara ef hann greiðir ekki innan tilskilins frests, þ.e. ef til þurfa að koma frekari aðvaranir eða innheimtubríf, svo ekki sé minnst á aðrar aðgerðir.

Viðskiptaráð.

Telur 10 daga frest of langan og að skv. 1. mgr. 7. gr. ætti að kveða á um 5 daga greiðslufrest.

Í d-lið 7. gr. er kveðið á um að upphafsdagur dráttarvaxta sé gefinn upp í innheimtviðvörðun. Þetta getur reynst flókið og kostnaðarsamt í framkvæmd, þá sér í lagi ef um er að ræða lengri viðskiptasambönd eða endurtekna úttektir. Telur ráðið að c-liður tryggi réttarstöðu skuldara og að fella eigi brott d-lið ákvæðisins.

Intrum.

Telur 10 daga lágmarksfrest óþarflega langan og ekki í takt við þá skilvirkni sem ætlast er til, fremur en það hve auðvelt er að koma af sér greiðslu, svo sem með aðgengi að bankaþjónustu á netinu.

Í d-lið er gert ráð fyrir að upphafsdagur dráttarvaxta sé gefinn upp. Þetta getur reynst flókið einkum ef um er að tefla langvarandi viðskiptasamband eða margar úttektir, ekki síst þegar greiðandi hefur innt af hendi innborganir á skuldina. Telja verður að áskilnaður um sundurgreiningu kröfunnar í c-lið eigi að tryggja réttarstöðu greiðanda hvað þetta atriði varðar.

Greiðslu komið í ábyrgðarpóst fyrir lok frests: Þetta á lítinn rétt á sér, a.m.k. ef bankareikningur hefur verið gefinn upp til að koma greiðslu á og verður tæpast notað nema af þeim sem vilja ná sér í tveggja daga greiðslufrest til viðbótar, með nokkrum tilkostnaði fyrir kröfuhafa.

TCM innheimta.

Ákvæðið má einfalda þannig að ekki verði óþarflega íþyngjandi fyrir minni fyrirtæki að senda slíkar viðvaranir. Einnig þarf að taka á því hvernig fara eigi með aðila sem er ekki með skráð heimilisfang (óstaðsettur í hús), eða er búsettur í útlöndum.

Momentum.

Í athugasemdum um 7. gr. er kveðið á um að lágmarkskostnaður skv. lögnum miðist við greiðslu innan frests skv. þessari skylduviðvörðun. Það er mat undirritaðs að það sé nauðsynlegt að þessi takmörkun komi skýrt fram í sjálfum lagatextanum til að taka af tvímæli um að síðari innheimtubríf í formi áminninga, ítrekanna, innheimtubrifa lögmanna o.s.frv. lúti ekki þeim takmörkunum heldur eigi lágmarkskostnaðarákvæðið aðeins við um þessa sérstöku skyldubundnu viðvörðun.

Nauðsynlegt er að skýrar komi fram í sjálfum lagatexta að gjaldskrá og þessi hámarkskostnaður eigi aðeins við um þessa skylduviðvörðun, aðrar aðvaranir og innheimtubréf geti verið kostnaðarsamari fyrir skuldarana hafi hann ekki sinnt innheimtuviðvörðuninni, enda er náð fram þeim markmiðum að bæði er skuldara gefinn kostur á greiðslu með lágum kostnaði en jafnframt er hvatning til hans að greiða sem fyrst þar sem álögur hækki eftir því sem á líði á innheimtuferilinn.

8. gr. Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

Lögmannafélag Íslands.

Laganefnd telur til bóta að taka af skarið varðandi umboð innheimtuaðila til að koma fram fyrir hönd kröfuhafa, taka við greiðslu fyrir hans hönd o.s.frv.

Laganefnd bendir jafnframt á að ekki hafi í öllum tilvikum tíðkast að gera skriflega samninga um greiðslu, sem aðilum er gert að undirrita. Þess í stað hefur í mörgum tilvikum verið látið nægja að vitna til munnlegra samninga, sem gerðir hafa verið, með athugasemd í tölvukerfi innheimtuaðila. Slíkur samningur hefur ennfremur verið staðfestur eftir á, þ.e. með greiðslu í samræmi við samninginn. Ákvæði 8. gr. felur í sér breytingu frá þessu. Laganefnd sér ekki að þörf hafi verið á því að breyta fyrra fyrirkomulagi, enda verður ekki séð að það hafi reynst illa. Eðlilegt er að þetta ráðist af aðstæðum hverju sinni, þ.m.t. aðstæðum skuldarans sjálfs.

Viðskiptaráð.

Gert er ráð fyrir því í greinargerð með 8. gr. að innheimtuaðili geti samið um greiðslu kröfu og jafnvel gefið hana eftir. Hér gengur greinargerðin lengra en almennt hefur verið talið gilda um lögmannsumboð. Ekki er fjallað nánar um þörf fyrir þessa breytingu í greinargerðinni en þar sem um er að ræða frávík frá almennum reglum ætti að kveða á um þetta í sjálfum lagatextanum.

Áskilnaður um skriflega samninga í niðurlagi 8. gr. til þess fallinn að hafa í för með sér aukinn kostnað og vandkvæði fyrir skuldara. Samningur um greiðslufyrirkomulag og greiðslufresti eru að stærstum hluta afgreiddir munnlega í gegnum síma. Að mati Viðskiptaráðs er ekki ástæða til að víkja frá þeirri meginreglu samningaréttar að samningar þurfi ekki að vera formbundnir til að hafa réttaráhrif. Ekki er að finna í greinargerð frumvarpsins rök fyrir slíku frávíki. Því leggur ráðið til að þessi málsgrein verði felld niður eða sett verði fram regla í frumvarpinu um að skuldari geti krafist þess að slíkir samningar verði gerðir skriflega.

Intrum.

Gert er ráð fyrir því í greinargerð með 8. gr. að innheimtuaðili geti veitt afslætt af kröfu og jafnvel gefið hana eftir að fullu. Þarna er mun lengra gengið en almennt hefur verið talið að gildi um lögmannsumboð, en það hefur ekki verið talið fela í sér umboð til eftirgjafar af kröfu. Þetta vekur annars vegar spurningu um það hvort þörf sé á að veita innheimtuaðila svo víðtækt umboð og þá hins vegar hvort ekki sé rétt að það komi skýrar fram í sjálfum lagatextanum.

Í niðurlagi 8. gr. er mælt fyrir um að samningar um greiðslu skuli vera skriflegir. Í reynd eru samningar um greiðslufyrirkomulag og greiðslufresti að stærstum hluta munnlegir og fara um síma. Engin rök eru færð fyrir því að setja þessa kröfu um skriflega samninga fram. Að mati Intrum væri heppilegra að fella þetta ákvæði niður eða setja fram reglur um það að greiðandi gæti krafist þess að slíkir samningar væru gerðir skriflega. Áskilnaður um skriflega samninga í öllum tilvikum muni aðeins hafa í för með sér aukinn kostnað og frekari snúninga fyrir greiðandann.

IV. KAFLI
Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.
9. gr.
Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

Lögmannafélag Íslands.

[9.-10.gr.]

Réttarsamband kröfuhafa og innheimtuaðila byggir á samnings sambandi þeirra á milli. Mikilvægt er að mati laganefndar að meginregla samningaréttarins um samningsfrelsi gildi um þann samning og er þess gætt í frumvarpinu með ákvæði 2. gr. þess. Laganefnd fagnar því einnig að sett verði lög um meðferð innheimtuaðila á fjármunum kröfuhafa, enda er slíkt til þess fallið að tryggja jafnræði innheimtuaðila og draga úr líkum á því að innheimtuaðilar fari með fé kröfuhafa á ótilhlýðilegan hátt.

10. gr.
Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI
Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.
11. gr.
Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviaðvörunar, sbr. 12. gr., þó ekki ef 3. mgr. 7. gr. er beitt. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

Lögmannafélag Íslands.

[11.-12.gr.]

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins er ætlað að tryggja að skuldari greiði aldrei meira en hámarkskostnað samkvæmt 12. gr. ef hann greiðir innan þess frests sem honum hefur verið veittur samkvæmt 7. gr. frumvarpsins. Þótt þessi grein virðist við fyrstu sýn til þess fallin að bæta hag skuldara er ekki víst að svo sé þegar betur er að gáð. Með 12. gr. frumvarpsins er í reynd mælt fyrir um opinbera verðlagningu á tiltekinni þjónustu, sem veitt er af innheimtuaðilum, þ.e. gjald fyrir þá þjónustu má ekki fara yfir ákveðna krónutölu sem ráðherra ákveður með reglugerð. Í dag ríkir samkeppni meðal innheimtuaðila á þessu sviði. Verði frumvarpið að lögum er hætt við að gjald innheimtu-aðila vegna innheimtuviaðvörunar verði fastbundið við það hámark sem ákveðið verður af ráðherra, en slíkt gæti vissulega, a.m.k. í einhverjum tilvikum, leitt til hækkunar á innheimtukostnaði skuldara frá því sem nú er.

Ákvæði 11. og 12. gr. frumvarpsins stríða gegn ákvæðum og anda samkeppnislaga nr. 44/2005, en þau lög eru byggð á þeim grundvallarsjónarmiðum að virk samkeppni þjóni hagsmunum neytenda best. Í því efni má jafnframt vitna til úrskurðar áfrýjun-arnefndar samkeppnismála í máli nr. 16/1997, Lögmannafélag Íslands gegn sam-keppnisráði, þar sem hafnað var beiðni LMFÍ um undanþágu frá ákvæðum sam-keppnislaga til að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá fyrir lögmenn. Röksemd frumvarps-höfunda um að lögbundin hámarkspóknun feli í sér réttarbætur fyrir neytendur felur samkvæmt þessu í sér ákveðna mótsögn gagnvart ákvæðum samkeppnislaga og þeim forsendum sem að baki þeim lögum búa.

Laganefnd gerir einnig athugasemd við orðalag 12. gr. frumvarpsins sem er of opið og ónákvæmt að mati nefndarinnar. Skýring orða eins og „nauðsynlegur“ og „hóflegur“ er afstæð og til þess fallin að valda deilum. Laganefnd telur jafnframt að skýra þurfi nánar gildissvið greinarinnar, svo og það hvert skuli vera efni reglugerðar ráðherra. Þannig ætti t.a.m. að taka af öll tvímæli um að efni reglugerðar ráðherra geti aðeins varðað kostnað á frum- og milliinnheimtustigi, en ekki kostnað á löginheimtustigi. Að mati laganefndar er hér um afar þýðingarmikið atriði að ræða, sem nauðsynlegt er að bæta úr, áður en frumvarpið verður að lögum.

12. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra getur að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila ákveðið í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur og hóflegur getur talist. Heimilt er að innheimta viðbót vegna umdeilda peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

Samtök fjármálafyrirtækja.

Hvað er hóflegur kostnaður ?

Greinargerð: ...

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar m.a. þóknunar.....reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga.... ráðherra setji ekki reglugerð nema að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila.

Nánari skýringa er þörf á þessum texta..

ASÍ

Í greinargerð segir að ekki sé stefnt að því að skuldari komist undan greiðslu „áætlaðs kostnaðar“. Frumvarpinu í heild sinni er ætlað að setja takmörk við kostnað í innheimtum. Með kostnaði er væntanlega átt við útlagðan kostnað innheimtuaðila og eðlilega þóknun hans fyrir verkið. Með áætluðum kostnaði er væntanlega átt við útlagðan kostnað sem ekki hefur verið lagður út eða þóknun sem ekki hefur verið unnið fyrir en greinargerð með 12.gr. gefur því undir fótinn að slíkan kostnað megi innheimta í skjóli laganna en ekki verðu annað séð en að það vinni beint gegn markmiðum frumvarpsins.

Neytendasamtökin.

Eins og áður sagði telja Neytendasamtökin nauðsynlegt, eigi lögin að ná tilgangi sínum, að sett verði reglugerð á grundvelli þeirra. Því leggja samtökin til að skerpt verði á þessu í 12. gr., enda felur greinin, eins og hún hljóðar í frumvarpinu, einungis í sér heimild til handa ráðherra hvað þetta varðar. Er það tillaga samtakanna að í stað orðsins „getur“ komi orðið „setur“ eða „skal“.

Hvað varðar þá hagsmunaaðila sem taldir eru upp í dæmaskyni í greinargerð gera samtökin athugasemd við það að þar virðist um fremur einsleitán hóp að ræða, en allt eru þetta aðilar er gæta hagsmuna innheimtuaðila fremur en neytenda. Telja samtökin að við setningu fyrirhugaðrar

reglugerðar væri æskilegt að samráð yrði haft við víðari hóp, og einnig þá er gæta hagsmuna neytenda eða skuldara, eins og t.a.m. Neytendasamtökin. Samtökin gera sér grein fyrir að einungis er um að ræða upptalningu í greinargerð, sem þess utan er ekki tæmandi, en telja þó rétt að vekja máls á þessu.

Viðskiptaráð.

Að mati Viðskiptaráðs er engin ástæða til að setja þak á fjárhæð innheimtukostnaðar. Þetta þak setur markaðurinn sér sjálfur með virkri samkeppni. Kröfuhafar leita, eðli málsins samkvæmt, til þess innheimtuaðila sem getur boðið bestu þjónustuna með minnstum tilkostnaði fyrir kröfuhafa og skuldara. Þau fyrirtæki sem nýta sér þjónustu innheimtuaðila gera það einvörðungu af því að slíkir aðilar geta inn þau verkefni af hendi með minni kostnaði fyrir fyrirtækin heldur en ef þau gerði það sjálf. Það liggur því í hlutarins eðli að hvorki kröfuhafar né innheimtuaðilar hafa hag af því að leggja óhóflegan og ónauðsynlegan kostnað á skuldara, enda væri slíkur kostnaðar annars vegar til þess fallinn að kröfuhafar myndu í ríkari mæli sjá sér hag í því að annast innheimtu sjálfir og hins vegar er slíkur kostnaður til þess fallinn að draga úr líkum á greiðslum úr hendi skuldara. Sú aukning sem orðið hefur í útboðum meðal fyrirtækja og opinberra aðila á innheimtu er enn fremur til þess fallin að tryggja samkeppni á þessum markaði og þ.a.l. lægri kostnað bæði fyrir kröfuhafa sem skuldara.

Viðskiptaráð telur að reglugerð af þessu tagi myndi leiða til algerrar samræmingar á gjaldtöku og hámarkið þannig verða að lágmarki. Reglugerð af þessu tagi væri því beinlínis samkeppnishamlandi. Hvað þetta varðar ber að geta þess að Samkeppniseftirlitið hefur hafnað LMFÍ að setja hliðstæðar reglur fyrir innheimtu lögmanna. Að lokum er rétt að benda á að skuldarar eiga ávallt það úrræði að bera innheimtukostnað undir dómstóla og láta þá skera úr um réttmæti hans.

Reglugerð af þessu tagi er alvarlegt inngrip í rekstur innheimtuaðila sem á sér engin fordæmi. Hún mun án efa leiða til þess að færri aðilar en ella munu sjá sér hag í því að koma inn á þennan markað og draga þar með úr virkri samkeppni. Því leggur ráðið til að 12. gr. laganna verði í heild sinni felld niður.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga...

Intrum

Telur heimild 12. gr. á skjön við ríkjandi viðhorf um að samkeppni á markaði eigi að setja þennan ramma. Samkeppnisyfirvöld hafa hafnað málaleitan LMFÍ um að setja hliðstæðar reglur fyrir innheimtur lögmanna.

Samkeppni á innheimtumarkaði hefur verið á þessu sviði, ekki síður en um þjónustustig og tæknilausnir. Kröfuhafar setja einatt fram ákveðnar kröfur um það hvað heimilt er að leggja hátt gjald á greiðendur og hvað kröfuhafar eru reiðubúnir til að taka á sig af kostnaði af innheimtu vanskilakrafna.

Hætta er á að með hámarki skapist jafnframt lágmark kostnaðarins. Samkeppni á þessu sviði heyrði sögunni til.

Intrum er ekki kunnugt um dæmi sem sýna fram á þörf á slíku hámarki a.m.k. ekki í milliinnheimtu. Í reynd er ráðherra, með heimild til að setja reglugerð, falið vald til að ráða afkomu greinarinnar. Fáar, ef nokkur atvinnugrein, eru svo ofurseldar pólitísku valdi.

Það verður að telja að svo mikilsvert inngrip í atvinnu- og samningsfrelsið þurfi frekari raka við en fram koma í greinargerð með frumvarpinu.

Telji greiðendur innheimtufyrirtæki fara offari í álagningu þóknunar eiga þeir það úrræði að neita greiðslu þóknunarinnar og láta dómstóla skera úr um réttmæti hennar, eftir almennum leiðum.

TCM innheimta.

... miklar efasemdir um ágæti þess að lögbinda reglur um hámarks-kostnað. Hár innheimtukostnaður hefur ekki verið viðvarandi vandamál hér á landi og kann setning reglugerðar um hámarks-kostnað að

verða þess valdandi að draga úr samkeppni á markaði. Innheimtuaðilar hætta að keppa í verðum og innheimta hámarksgjald skv. reglugerð. Eðlilegt er að leitað verði álit samkeppniseftirlitsins á þessum þætti frumvarpsins. Samkeppni á þessum markaði er mikil í dag og fer harðnandi. Bæði kröfuhafar og skuldarar njóta góðs af slíku ástandi. Þar sem keppt er bæði í þjónustu og verðum.

Heppilegra er ... að setja vísireglu þess efnis að óheimilt sé að innheimta óhæfið eða ósanngjarnan kostnað að teknu tilliti til fjárhæðar skuldar, aldurs skuldar og fyrri innheimtutilrauna.

Momentum.

Þessari grein verður einfaldlega að mótmæla. Með tilvísun í óljóst orðalag hennar og með vísan til þess að verið er að fella niður 3. mgr. 24. gr. laga um lögmennt með lögnum þá mæti skilja greinina svo að verið sé að veita ráðherra heimild til að setja reglugerð um innheimtukostnað almennt, þ.m.t. lögmennt vegna löginneimtu, en ekki einungis um hámarkskostnað skv. 7. gr. frumvarpsins eins og undirritaður telur að sé eini tilgangur löggjafans með ákvæði þessu í samræmi við markmið laganna.

Í athugasemdum um þessa grein er vísað til þess að nauðsynlegt sé að setja reglur um hámark þóknunar svo komist sé hjá því að kröfur séu „strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu“ á kostnað skuldara. Þetta er í samræmi við meginmarkmið laganna og markmið 7. gr. um innheimtuviaðrun og því þarf að taka afdráttarlaust fram í lögnum að þessi heimild til handa ráðherra lúti aðeins að gjaldskrá fyrir innheimtuviaðrunina skv. 7. gr. en ekki til annarra innheimtubátta enda hlýtur það að vera meginmarkmið með greininni.

Ef þessi, að því er virðist, galopna heimild ráðherra til gjaldskrárákvarðana fer óbreytt gegnum þingið, þá er með henni gengið þvert gegn þeim meginreglum sem gilt hafa á þessum sviðum og mun hafa neikvæð áhrif á samkeppni á þessu sviði og gæti orðið mjög takmarkandi fyrir þessa atvinnustarfsemi.

VI. KAFLI **Ýmis ákvæði.** **13. gr.** **Þagnarskylda.**

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrar- eða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr. **Starfsábyrgðartrygging.**

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers váttryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það váttryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti váttryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

Lögmannafélag Íslands.

Laganefnd fagnar því að innheimtuaðilum skuli gert að afla sér starfsábyrgðartryggingar, enda er slíkt til þess fallið að jafna innbyrðis aðstöðu innheimtuaðila og fyrirbyggja tjón. Laganefnd er einnig sammála því að rétt sé að undanþiggja lögmenn þessari skyldu enda er lögmönnum skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar vegna annarra starfa sinna. Nauðsynlegt er þó að taka á þeirri aðstöðu er lögmenn reka saman innheimtufyrirtæki í formi félags, eftir atvikum í samráði við aðra sem ekki hafa lögmansréttindi, sbr. það sem áður er sagt um það atriði.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Fjármálaeftirlitið fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum. Getur eftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða innheimtuþjónustu án tilskilinna leyfa.

Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við eftirlit og upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein.

Þeir sem hafa fengið innheimtuleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu skulu árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar í samræmi við ákvæði laga þar um. Eftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæðunum um eftirlitsgjald.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hætta er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli. Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn sátt milli Fjármálaeftirlitsins og innheimtuaðila.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal eftirlitið gera ráðstafanir til sviptingar leyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

Neytendasamtökin.

Neytendasamtökin leggja til að þessi málsgrein [8. mgr.] verði felld burt. Það er álit samtakanna að æskilegt sé að allir handhafar innheimtuleyfis lúti eftirliti sama aðila. Ef ekki verður fallist á þessa tillögu telja samtökin nauðsynlegt að skylt verði að setja samræmdar verklagsreglur milli þeirra aðila er fara með eftirlit samkvæmt lögnum.

Fjármálaeftirlitið.

Í þessu samhengi þykir rétt að víkja almennt að eftirliti og hlutverki Fjármálaeftirlitsins í tengslum við frumvarpið. Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að markmiðið með frumvarpinu sé einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörðun. Þessu til viðbótar er stefnt að því að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, t.d. með því að takmarka í reglugerð lágmarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar sem heimilt er að krefja hann um.

Fjármálaeftirlitinu er samkvæmt frumvarpinu falið að veita einstaklingi eða lögaðilum leyfi til innheimtustarfsemi, skv. 1. gr., sbr. 15. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitinu er að auki ætlað að hafa eftirlit með sömu aðilum.

Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í 1. gr. laganna kemur fram að markmið þeirra laga sé að stuðla að því að fjármálastarfsemi sem lögin taki til sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina.

Eftirlit með innheimtustarfsemi myndi kalla á breyttar áherslur í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og yrði nauðsynlegt að setja á fót sérstaka einingu innan þess sinna þessu sértæka eftirliti og samskiptum við neytendur vegna þessa málaflokks. Umfang vegna þessa er óljóst, en gera má ráð fyrir að það yrði nokkuð og að auka þyrfti starfsmannafjölda vegna þessa a.m.k. um þrjú stöðugildi.

Í því frumvarpi sem hér er til umræðu er hins vegar um að ræða starfsemi sem er ólík núverandi verkefnum Fjármálaeftirlitsins. Eins og áður hefur komið fram er markmið með frumvarpinu m.a. að setja ákveðnar meginreglur til hagsbóta fyrir neytendur, ásamt því að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi. Um megintiigang frumvarpsins er til skýringa vísað til 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Bent er á að lög nr. 57/2005 eru undir eftirliti Neytendastofu, sbr. 4. gr. laga nr. 57/2005. Í 2. gr. laga nr. 62/2005 er m.a. kveðið á um að Neytendastofa skuli annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Ef litið er til lögskýringargagna laga nr. 62/2005 kemur fram að helsta markmið með stofnunnin sé að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Það virðist því nær að skoða hvort leyfisveiting og eftirlit með starfsemi innheimtulaga eigi betur heima undir Neytendastofu.

Í athugasemdum með frumvarpinu er m.a. vísað til framkvæmdar í Noregi. Rétt er að minnst á að Fjármálaeftirlitið í Noregi, Kredittilsynet, er byggt upp með öðrum hætti og sinnir til viðbótar við hefðbundið eftirlit með fjármálaþjónustu, eftirliti með endurskoðendum, fasteignasölum, innheimtuaðilum og ársreikningaskrá.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um leyfi, eftirlit og úrræði eftirlitsaðila, s.s. stjórnvaldssektir. Áður hefur verið vikið að því að rétt væri að kveða á um leyfi í sér kafla um starfsleyfi. Einnig er á það bent að ákvæði um viðurlög eiga betur heima í sér kafla og verður vikið að því síðar.

Í samræmi við ofangreint er sú tillaga sett fram að fjallað verði um eftirlit í sjálfstæðri lagagrein. Eftirfarandi tillaga er sett fram:

„Eftirlit

1. mgr.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi þeirra aðila sem hafa innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum auk eftirlits með starfsemi þeirra erlendis. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þar á meðal þær eftirlitsheimildir og úrræði sem fram koma í 9.-11. gr. laganna.

2. mgr.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist sérhverra gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðila eða þriðja aðila að viðlögðum dagsektum. Um slíka gagnaöflun gilda ákvæði um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

3. mgr.

Sé leyfisskyld starfsemi stunduð án þess að leyfi hafi verið veitt getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi verði hætt. Jafnframt er heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru þjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

4. mgr.

Þeir aðilar sem fengið hafa innheimtuleyfi hjá Fjármálaeftirlitinu skulu taka þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar þess með greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði laga þar um.

5. mgr.

Gagnvart lögmönnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.“

Í 15. gr. frumvarpsins er minnst á breytta starfshætti, talið er óþarft að kveða á um það í lagatextanum þar sem tekið er á um slíkt í 10. gr. laga um opinbert eftiriit, sem vísað er til í tillögu Fjármálaeftirlitsins hér að ofan.

Lögmannafélag Íslands.

Laganefnd undirstrikar mikilvægi þess að leyfisgjald samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar verði hóflegt. Verði gengið of nærri innheimtuaðilum í því sambandi, á sama tíma og þeim eru takmörk sett við gjaldtöku samkvæmt 12. gr. frumvarpsins, kann það að koma niður á vinnubrögðum við innheimtuna. Slík niðurstaða væri neytendum síður en svo í hag. Laganefnd telur einnig að rök standi til þess að lögmenn verði undanskyldir greiðslu leyfisgjalds til Fjármálaeftirlitsins, hvort heldur sem er vegna frum- og milliinnheimtu eða löginheimtu, enda greiða lögmenn nú þegar félagsgjöld til Lögmannafélags Íslands, sem þeim er skylt að vera aðilar að samkvæmt lögum. Það er þýðingarmikil regla að mati laganefndar, að lögmenn sæti einungis eftirliti úrskurðarnefndar lögmanna, en ekki jafnframt eftirlitsvaldi Fjármálaeftirlitsins, sbr. 7. og 8. mgr. 15. gr. frumvarpsins.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur svipt leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

- a. *hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða*
- b. *skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.*

Samtök fjármáa-fyrirtækja.

Er hægt að sækja aftur um leyfi og þá hvenær ?

Lögmannafélag Íslands.

Í greininni er mælt fyrir um að Fjármálaeftirlitið geti svipt leyfishafa innheimtuleyfi samkvæmt 4. gr. frumvarpsins að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Laganefnd telur brýnt að taka það skýrt fram að hér sé einungis vitnað til þeirra leyfishafa sem hlotið hafa leyfi fyrir tilstilli Fjármálaeftirlitsins, en ekki aðila sem undanþegnir eru innheimtuleyfi samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

Fjármálaeftirlitið.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um stjórnvaldssektir og er umfjöllun um þær talin eiga best heima hér. Í 17. gr. frumvarpsins er kveðið á um refsingar. Rétt er að taka fram að greinin er óbreytt frá frumvarpi til innheimtu laga sem lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998-1999, en viðurlagaheimildir Fjármálaeftirlitsins hafa breyst töluvert frá þeim tíma.

Verði Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með lögnum væri eðlilegra að gæta samræmis og hafa í lögnum kafla sem bæri heitið viðuriög. Sú tillaga er sett fram að skipta þeim kafla upp í þrjár lagagreinar, stjórnvaldssektir, sáttir og sektir eða fangelsi. Sú skipan myndi samrýmast þeim breytingum sem gerð var á heimildum Fjármálaeftirlitsins með lögum nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

Lögmannafélag Íslands.

Ekki eru gerðar athugasemdir við efni þessarar greinar að öðru leyti en því að athygli er vakin á því að fyrir Alþingi liggur frumvarp til nýrra laga um meðferð sakamála, þar sem lagt er til að hugtakið opinber mál verði lagt af og þess í stað tekið upp hugtakið sakamál.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þeim skal í síðasta lagi beitt um innheimtustarfsemi frá 1. nóvember 2008. Þann dag fellur úr gildi 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn.

Fjármálaeftirlitið.

Í greininni kemur fram að lögin öðlist þegar gildi og skuli í síðasta lagi beitt um innheimtustarfsemi frá 1. nóvember 2008.

Rétt er að benda á að nauðsynlegt er að þeir aðilar sem falla undir lögin og sú stofnun sem fara skal með leyfisveitingu og eftirlit samkvæmt lögnum hafi ráðrúm til að skipuleggja á hvern hátt því hlutverki skuli sinnt. Það þarf m.a. að huga að ráðningu og þjálfun starfsfólks, gerð innri ferla og skipulagningar verklags í kringum starfsemina.

Með vísan til framangreinds væri ráðlegt að lögin taki ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2009

Lögmannafélag Íslands.

Ákvæði 19. gr. er illskiljanlegt að mati laganefndar. Þar segir að lögin öðlist þegar gildi og að þeim skuli í síðasta lagi beitt um innheimtustarfsemi frá 1. nóvember 2008. Orðalagið er nánar skýrt í athugasemdum þar sem fram kemur að rétt þygi að veita aðlögun m.a. vegna tæknilegra aðstæðna. Þessi tilhögun brýtur í bága við þá venju sem tíðkast hefur, þ.e. að þegar lög öðlast gildi við birtingu þeirra verði lögnum almennt beitt um öll tilvik er upp koma eftir giidistöku. Sá háttur sem lagður er til í frumvarpinu er ekki heppilegur að mati laganefndar, enda verður ekki ljóst hvort lögin gildi um atvik sem upp kunna að koma fyrir 1. nóvember 2008 eða ekki. Heppilegra væri að fresta gildistöku laganna í heild sinni til 1. nóvember 2008. Þannig mætti taka af allan vafa í þessu efni.

Annað

A. Tillaga FME um II. kafla frumvarpsins (skilyrði til að mega stunda innheimtu).

Starfsleyfisveitandi

Æskilegt væri að í 1. gr. II. kafla væri kveðið á um hver sá aðili sé sem skuli veita starfsleyfi samkvæmt lögnum. Eins og frumvarpið lítur út í dag er í 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins kveðið á um að Fjármálaeftirlitið fari með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt frumvarpinu. Er mælst til að umfjöllun um leyfisveitanda verði færð í II. kafla frumvarpsins.

Tillaga af orðalagi:

„Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Innheimtuaðila er heimilt að hefja starfsemi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.“

Ekki er gert ráð fyrir í lögnum að Fjármálaeftirlitið skuli hafa samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum við mat á umsókn um starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Má sem dæmi nefna að ekki virðist gert ráð fyrir því að leyfisskyldur aðili sinni starfsemi erlendis eða að erlendir innheimtuaðili stundi innheimtu á Ísland. Æskilegt væri að ákvæði um slíkt væri í lögnum

Leyfisskyld starfsemi

Koma verður fram með afdráttarlausum hætti hvaða aðilum beri að sækja um leyfi samkvæmt lögnum. Eins og áður hefur verið vikið að kemur fram í 1. gr. frumvarpsins að innheimtuaðili sé einstaklingur eða lögaðili sem annist innheimtu á grundvelli leyfis frá Fjármálaeftirlitinu. Ef 3. og 5. gr. frumvarpsins eru hafðar til hliðsjónar er ekki nægilega skýrt hvers konar starfsemi sé ætlað að sækja um leyfi. Í 3. gr. er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra og í 5. gr. er fjallað um innheimtu eigin peningakröfu sem aðili hefur keypt í þeim tilgangi að innheimta sjálfur. Með vísan til framangreinds er t.a.m. ekki ljóst hvort aðili sem ákveður að innheimta kröfur í eigin starfsemi, án þess að hafa keypt kröfu, þurfi að sækja um innheimtuleyfi.

Umsókn

Í frumvarpinu er ekki gerð sérstök krafa til umsóknar aðila. Í 4. gr. frumvarpsins kemur aðeins fram að innheimtuleyfi skuli veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi eða lögaðila.

Rétt væri að hafa sérstaka lagagrein sem nefnist umsókn. Gæti upphaf greinarinnar hljóðað svo: „Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu a.m.k. fylgja.“ Gæti eftirfarandi m.a. verið talið upp í dæmaskyni: upplýsingar um starfsskipulag þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verði sinnt, upplýsingar um innra skipuag fyrirtækis, þ.m.t. starfsreglur, viðskipta- og rekstaráætlun, upplýsingar um stofnendur, hluthafa, upplýsingar um stjórnarmenn, upplýsingar um nán tengsl fyrirtækis við einstakling eða lögaðila og aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Einnig kæmi til greina að útfæra greinina með eftirfarandi hætti: „Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og henni skulu fylgja þær upplýsingar og gögn sem Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um.“

Veiting starfsleyfis og skilyrði

Í 3. gr. frumvarpsins eru talin upp ákveðin skilyrði sem talið er rétt að innheimtuaðilar uppfylli, ætli þeir að stunda innheimtu fyrir aðra. Í 4. gr. eru síðan sett fram ákveðin almenn skilyrði til veitingu innheimtuleyfis.

Í fyrstu má nefna að það gæti verið skýrara að 3. og 4. gr. frumvarpsins yrði steipt saman í eina lagagrein. Heiti hennar gæti verið: „veiting og skilyrði innheimtuleyfis“.

Í II. kafla frumvarpsins er ekki gerð krafa um að starfsemi innheimtuaðila sé rekin í ákveðnu félagaformi. Fjármálaeftirlitið leggur til að gert sé að skilyrði að starfsemi innheimtuaðila verði rekin í formi hlutafélags. Benda má á að slíkt myndi leiða til þess að starfsemin væri í ákveðnu skilgreindu formi m.a. með tilliti til fjárhags, hæfis stjórnarmanna og innra skipulags.

Í 4. gr. frumvarpsins eru talin upp nokkur atriði sem umsókn aðila þarf að uppfylla. Í a. lið 4. gr. eru sett fram nokkur skilyrði, rétt væri að bæta við a lið, að ekki hefði verið gert árangurslaust fjárnám hjá aðila á síðustu fimm árum.

Í b. lið 4. gr. kemur fram að einstaklingur skuli hafa óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis. Fjármálaeftirlitið telur skýrara að beinlínis verði mælt fyrir um að aðili hafi ekki hlotið dóm og höfð verði hliðsjón af 1. mgr. 66. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og/eða 1. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002, fjármálafyrirtæki.

1. mgr. 66. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög:

„Stjórnarmenn eða framkvæmdastjórnar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld.“

Ef farið verður að tillögu Fjármálaeftirlitsins um félagiform, þá ætti framangreint ákvæði sjálfkrafa við um stjórn félags.

1. mgr. 52. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki hljóðar svo:

„Stjórnarmenn og framkvæmdastjórnar fjármálafyrirtækis skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldprot eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.“

Í e. lið 4. gr. frumvarpsins kemur fram að aðili skuli ekki vera í vanskilum með vörsluskatta. Hugtakið vörsluskattar er yfirhugtak, en óheppilegt kann að vera að hafa slíkt hugtak í lagatexta. Mun skýrara er ef talið væri upp með tæmandi hætti hvaða skatta er átt við. Einnig er bent á hvort ekki sé rétt að gera sömu skilyrði ef aðili er í vanskilum með aðra tegundir skatta eða gjalda, s.s. tekjuskatt, tryggingargjald, fjármagnstekjuskatt og að auki lífeyrisgjald.

Í samræmi við ofangreinda tillögu Fjármálaeftirlitsins, að innheimtuaðilum verði gert að starfa í ákveðnu félagiformi er lagt til að í lagagrein um veitingu starfsleyfis, eða a.m.k. í kaflanum starfsleyfi, verði tekið fram að óheimilt sé að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hafi verið greitt að fullu með reiðufé.

Þar sem um eftirlitsskylda aðila er að ræða má m.a. benda á framkvæmd 4. mgr. 6. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þar er Fjármálaeftirlitinu gert að birta tilkynningar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja í Lögbirtingarblaði. Samskonar ákvæði gæti verið heppilegt að hafa í innheimtulögum. Tillaga að málsgrein:

„Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi fjármálafyrirtækja í Lögbirtingarblaði.“

Synjun starfsleyfis

Í frumvarpinu er ekki að finna grein um synjun starfsleyfis. Bent er á að bæta við lagagrein sambærilegri 7. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Greinin gæti hljóðað svo:

1. mgr.

„Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara, og reglum sem á þeim eru byggðar, að mati Fjármálaeftirlitsins, skal það synja um starfsleyfi. Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda“

Skrá yfir innheimtuaðila

Rétt væri að kveða á um að starfsleyfis- og eftirlitsaðili héldi skrá yfir innheimtuaðila og útibú þeirra þar sem fram koma helstu upplýsingar um þá aðila. Breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skuli tilkynntar starfsleyfis- og eftirlitsaðila fyrirfram.

Afturköllun starfsleyfis

Í 16. gr. eru talin upp í tveimur stafliðum hvað til þurfi að koma svo aðili verði sviptur innheimtuleyfi.

Í fyrsta lagi er bent á að eðlilegra væri að kveða á um afturköllun innheimtuleyfis, í stað sviptingar. Er því sett sú fram tillaga að lagagreinin beri heitið afturköllun starfsleyfisog verði hún staðsett í starfsleyfiskaflanum.

Í öðru lagi er bent á að gert er ráð fyrir að „svipting“ geti aðeins átt sér stað þegar aðili hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt þessum lögum eða þegar skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar. Nauðsynlegt kann að vera að hafa úrræði til afturköllunar leyfis í fleiri tilfellum. Má nefna sem dæmi ef gerð yrði krafa um lágmarks eigið fé, gæti verið rétt að setja sem skilyrði að svipta aðila leyfi ef eigið fé væri komið niður fyrir ákveðið hlutfall. Einnig er rétt að kveða á um að önnur lögbrot gætu varðað sviptingu og einnig að innheimtuaðili fengi starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga.

Í samræmi við góða stjórnásluáættingu er rétt að kveðið sé á um það í greininni að áður en til afturköllunar komi skuli veittur hæfilegur frestur til úrbóta telji Fjármálaeftirlitið að unnt sé að koma við útbótum. Tillaga að lagagrein:

„1. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi innheimtuaðila:

[Ástæður afturköllunar í töluliðum 1., 2., 3. o.s.frv.]

2. mgr.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal leyfishafa veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma við úrbótum að mati Fjármálaeftirlitsins.”

Tilkynning um afturköllun og slit innheimtuaðila

Að auki er rétt að kveða sérstaklega á um tilkynningu afturköllunar, s.s. um að hún skuli vera skrifleg og rökstudd. Einnig væri rétt að kveðið væri á um að Fjármálaeftirlitið birti tilkynningu í Lögbirtingarblaði og auglýsi í fjölmiðlum.

Starfræki innheimtuaðili útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki væri rétt að tilkynning yrði einnig send lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki. Einnig væri rétt að kveða á um að ef starfsleyfi yrði afturkallað skuli slíta fyrirtækinu. Er af þeirri ástæðu ítrekuð ábending um að innheimtuaðili sé rekinn í ákveðnu félagiformi.

B. Atriði sem FME telur rétt að bæta við lagatextann.

Talin eru hér upp nokkur atriði sem m.a. kann að vera rétt að bæta við lagatextann:

Drög að tillögu, eru sett fram m.v. hugsanleg brot eins og ákvæði frumvarpsins líta út:

„Stjórnvaldssektir

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. 3. gr. um skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra

2. 7. gr. um innheimtuvíðvörðun

3. 3. mgr. 15. gr. telji eftirlitið starfsemi samkvæmt lögum þessum séu stunduð án tilskilins leyfis....o.s.frv. “

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ástetningi eða gáleysi.”

„Sáttir

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.”

Rétt er að í lögnum verði grein sem kveði á um fjárhæðir stjórnvaldssekta og fleiri atriði er snúa að sektum:

„Sektir sem lagaðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 20 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. til 50. millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.”

Bent er á að eftirfarandi tillaga verði sett inn í frumvarpið:

„Stjórnvaldssektum verðum beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.”

„Sektir eða fangelsi

1. mgr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi ekki þyngrri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn 13. gr. laganna um þagnarskyldu

2. mgr.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa vísitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarar opinberra aðila eða viðsemjenda sinna.”

Í viðurlagakaflanum er nauðsynlegt að hafa ákvæði sem lagt er til að orðað verði á eftirfarandi hátt:

„Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni, nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.”

Einng er rétt að hafa í huga að setja inn ákvæði um hversu langan tíma eftirlitsaðili hefur þar til stjórnvaldssektir samkvæmt lögnum falla niður, t.d. „...fimm ár eftir að háttsemi lauk.”

Fjármálaeftirlitið bendir á að tillögur þessar eru ekki tæmandi hvað varðar viðurlög og rétt er að hafa lög nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.